

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

259. FUNDUR.

259. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 8. október 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður, Magnús Eðvaldsson, varamaður og Sigríður Elva Ársælsdóttir, varamaður.

Ingimar Sigurðsson og Gunnar Þorgeirsson aðalmenn boðuðu forföll.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Oddviti setti fund. Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 6. lið viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2015. Samþykkt með 7 atkvæðum. Oddviti óskar einnig eftir að taka á dagskrá sem 7. dagskrárlið breyttan fundartíma næsta sveitarstjórnarfundar. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

1. **Fundargerð 881. fundar**, frá 21. september sl. Fundargerð í 8 liðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 2. og 8. dagskrárlið „ Sveitarstjórn vísar tillögunni til fjárhagsáætlunargerðar og þriggja ára áætlunar. Sveitarstjóra falið að birta tillögunar á vefsíðu Húnaþings vestra og óska eftir athugasemdum frá íbúum“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 882. fundar, frá 5. október sl. Fundargerð í 10 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. **Félagsmálaráð. Oddviti kynnti**

Fundargerð 163. fundar frá 16. september sl. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

3. **Fræðsluráð. Oddviti kynnti**

Fundargerð 164. fundar frá 7. október sl. Fundargerð í 5 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun vegna 4. liðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill ítreka bókun byggðarráðs frá 882. fundi, lið 5, þar sem fram kemur: „Samkvæmt upplýsingum frá söluaðila í Bretlandi, varðandi sparkvelli á Hvammstanga og á Borðeyri, er um að ræða svart gúmmí, vottað af framleiðanda fyrir leiksvæði barna. Það er slitsterkt og brotnar því lítið niður og gefur þ.a.l. ekki frá sér jafn mikið eiturefni og annað gúmmí. Þá kom fyrirtækið Sport-tækni í sumar, hreinsaði vellina, allt ryk, gróður og óhreinindi, þvoði kurlið og setti það aftur ofaní ásamt viðbót. Byggðarráð felur rekstrarstjóra að kanna hvort dekkjakurl á sparkvöllum í sveitarfélaginu sé heilsuspillandi.“ Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

4. **Landbúnaðarráð. Oddviti kynnti**

Fundargerð 134. fundar landbúnaðarráðs frá 1. október sl. Fundargerð í 6 liðum. Lögð fram

eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið „Beiðni um fjárveitingu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2016. Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að sveitarfélögum verði endurgreiddur virðisaukaskattur af refa- og minkaveiðum. Sveitarfélagið Húnaþing vestra er víðfeðmt og landmikil heiðarlönd og kostnaður við refa- og minkaveiðar því meira en víða annars staðar. Stuðningur ríkisins við refa- og minkaveiði í stórum landbúnaðarsamfélögum eins og Húnaþingi vestra er afar mikilvægur. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 257. fundar frá 1. október sl. Fundargerð í 2 liðum.

Borinn undir atkvæði 1. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Fundargerðin borin upp í heild sinni og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Viðaukar.

Viðauki 4.

Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs, sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2015 að upphæð kr. 6.900.000 hækkun á eignfærðri fjárfestingu sem skiptist þannig:

Eignasjóður:

3250 Íþróttamiðstöð kr. 9.500.000

3250 Gámur fyrir grófan úrgang kr. - 1.000.000

3250 Gatnalýsing í dreifbýli kr. - 600.000

Fráveita:

6250 Útrás 3 kr. - 1.000.000

Kostnaði verði mætt með lækkun á handbæru fé. Viðaukinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Viðauki 5.

Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs, sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2015, rekstur að upphæð kr. - 215.000 sem skiptist þannig niður á málaflokka og undirfyrirtæki:

Aðalsjóður rekstur

Mf. 04 Fræðslumál kr. 3.833.000 hækkun

Mf. 05 Menningarmál kr. 1.985.000 hækkun

Mf. 06 Æskulýðs- og íþróttamál kr. 2.600.000 hækkun

Mfl. 09 Skipulagsmál kr. 1.000.000 hækkun

Mfl. 10 Umferðarmál kr. -1.000.000 lækkun

Mfl. 11 Umhverfismál kr. - 3.000.000 lækkun

Mfl. 13 Atvinnumál kr. - 6.300.000 lækkun

Mfl. 21 Sameiginlegur kostnaður kr. -5.550.000 lækkun

Eignasjóður, rekstur kr. 3.517.000 hækkun

Þjónustumiðstöð, rekstur kr. -1.300.000 lækkun

Fráveita, rekstur kr. 4.000.000 hækkun

Nánari sundurliðun á deildir í meðfylgjandi skýringum.

Um er að ræða tilfærslu milli liða en ekki aukin útgjöld. Viðaukinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Viðauki 6

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka að upphæð kr. 1.000.000 í eignfærðri fjárfestingu vegna kaupa á ljósritunarvél fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra. Kostnaði verði mætt með lækkun á handbæru fé. Viðaukinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

7. **Lagt til að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 10. nóvember 2015 kl. 15:00** Samþykkt með 7 atkvæðum.
8. **Skýrsla sveitarstjóra.** Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl 16:10

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Valdimar Gunnlaugsson.

Elín R. Líndal.

Sigríður Elva Ársælsdóttir

Magnús Eðvaldsson .

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri